A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmer

***500L hleðsluskófla*.....**úr raðnúmeri: SHOV5DL15B-1001

***800L hleðsluskófla*.....**úr raðnúmeri: SHOV8DL15B-1001

***800L hleðsluskófla*.....**úr raðnúmeri: SHOV8CDL15B-1001

***800L hleðsluskófla*.....** úr raðnúmeri: SHOV8RDL15B-1001

***Múrsteinskarfa*.....**úr raðnúmeri: BBSKETDL15B-1001

***250L Blöndunarfata*.....**úr raðnúmeri: MXBC2515B-1001

***500L Blöndunarfata*.....**úr raðnúmeri: MXBC515B-1001

***500L handv. Steypufata*....**úr s/n: CB5MADL15B-1001

***500L vökvakn. Steypufata*....**úr s/n: CB5HYDL15B-1001

***800L handv. Steypufata*....**úr s/n: CB8MADL15B-1001

***800L vökvakn. Steypufata*....**úr s/n: CB8HYDL15B-1001

Þýðing á upprunalegum leiðbeiningum
Fyrsta útgáfa
Önnur prentun
Hlutanúmer 57.0303.5276

Efni

Inngangur .....Síða 3
Skilgreiningar á tákn- og hættumyndum ..Síða 8
Almennt öryggi.....Síða 9
Öryggi á vinnustað.....Síða 10
Varúðarráðstafanir..... Síða 11
Myndskýring .....Síða 13
Lýsing á aukabúnaði .....Síða 14
Notkunarsvið aukabúnaðar.....Síða 17
Skoðanir .....Síða 18
Notkunarleiðbeiningar.....Síða 22
Geymslustaða og geymsla .....Síða 31
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu....Síða 32
Viðhald.....Síða 42
Tæknilýsing .....Síða 46
Hleðslutöflur.....Síða 52
Skýringarmyndir og lýsingar .....Síða 66
EB-samræmisyfirlýsing.....Síða 68

TEREX Global GmbH

Bleicheplatz 2
8200 Schaffhausen
Sviss

Tæknileg þjónusta
Sími: +39 075 9418129
+39 075 9418175
netfang: UMB.Service@terex.com

Höfundarréttur © 2015 Terex Corporation

Fyrsta útgáfa: Önnur prentun, desember 2015

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum. „GTH“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

Inngangur

Um þessa handbók

Genie kann að meta val þitt á tæki fyrir notkun þína. Öryggi notenda er í forgangi hjá okkur en slíkt ávinnst best í sameiningu.
Þetta rit er stjórnanda- og dagleg viðhaldshandbók fyrir notanda eða stjórnanda Genie vélar.


Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hafa samband við Genie.

Í þessari handbók getur hugtakið „vél“ vísað bæði til aukabúnaðarins eða lyftarans. Slíkt veltur á samhenginu.
Þessa handbók skal nota með notandahandbók fjarbúnaðarins.

Inngangur

Auðkenni vöru

Raðnúmer aukabúnaðarins er staðsett á raðnúmeraplötunni.



- *500L hleðsluskófla 59.0201.9019 GT*
- *800L hleðsluskófla 59.0201.9020 GT*
- *800L hleðsluskófla 59.0201.9021 GT*
- *800L hleðsluskófla 59.0201.9022 GT*
- *Múrsteinskarfa 59.0401.2032 GT*
- *250L Blöndunarfata 59.0401.2018 GT*
- *500L Blöndunarfata 59.0401.2016 GT*
- *500L handv. Steypufata 59.0401.2028 GT*
- *500L vökvakn. Steypufata 59.0401.2029 GT*
- *800L handv. Steypufata 59.0401.2030 GT*
- *800L vökvakn. Steypufata 59.0401.2031 GT*

Fyrirhuguð notkun

Hleðsluskóflum og blöndunarfötu er ætlað að flytja og blanda laust efni**.** Múrsteinskörfunni er ætlað að lyfta og lækka laust efni.

Notkun á þessari vöru á nokkurn annan hátt er bönnuð og stríðir gegn ætlaðri notkun hennar.

Inngangur

Dreifing tilkynninga og fylgni

Öryggi vöru fyrir notenda skiptir mestu máli fyrir Genie. Ýmis konar tilkynningar eru notaðar af Genie til að miðla mikilvægum öryggis- og vöruupplýsingum til söluaðila og vélaeigenda.

Upplýsingarnar sem er að finna í tilkynningunum tengjast ákveðnum vélum með vélategund og raðnúmeri.

Dreifing tilkynninga byggist á núverandi skráða eiganda ásamt tengdum söluaðila hans/hennar. Því er mikilvægt að skrá vél þína og viðhalda samskiptaupplýsingum þínum.

Fylgdu þeirri aðgerð sem gefin er til kynna í viðkomandi tilkynningu til að tryggja öryggi starfsfólks og áreiðanlega áframhaldandi notkun á vél þinni.

Samskipti við framleiðandann

Öðru hverju kann það að reynast nauðsynlegt að hafa samband við Genie.

Þegar þú gerir það skaltu vera viðbúin/n að gefa upp tegundar- og raðnúmer þitt ásamt nafni þínu og samskiptaupplýsingum. Hafa ætti samband við Genie að lágmarki vegna eftirfarandi:

- Slysatilkynning
- Spurningar varðandi vörunotkun og öryggi
- Upplýsingar um fylgni er varða staðla og reglur
- Uppfærslur á núverandi eiganda, til dæmis breytingar á eignarhaldi vélar eða breytingar á samskiptaupplýsingum þínum. Sjá Flutningur á eignarhaldi að neðan.

Flutningur á eignarhaldi vélar

Ef gefinn er tími til að uppfæra upplýsingar eiganda tryggir það að þú fáir mikilvægar öryggis-, viðhalds- og stjórnandaupplýsingar sem eiga við þína vél.

Vinsamlegast skráðu vél þína með því að fara inn á vefsvæðið www.genielift.co.uk.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga stjórnun aukabúnaðar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.
Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
4. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum, öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.
☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.
☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.
☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Hættuflokkun



Öryggisviðvörunartákn: notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða

⚠ HÆTTA Gefur til kynna hættuástand sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠ AÐVÖRUN Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠ VARÚÐ Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til minniháttar eða miðlungs meiðsla ef ekki er brugðist við því.

TILKYNNING Gefur til kynna tilkynningu um eignatjón.

Staðlar

Eftirfarandi staðlar og/eða reglugerðir eiga við þessa vél:



Tilskipun

2006/42/EB Vélatilskipun


Viðhald á öryggisskiltum


Endurnýjaðu öryggisskilti sem hafa týnst eða eru skemmd.
Hafðu öryggi stjórnanda í huga á öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að þrífa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni með leysi því þau kunna að skemma efni öryggisskiltisins.

Skilgreiningar á tákn- og hættumyndum

 Fallandi hlutur Hætta	 Lokaðu hliðinu	 Fallhætta	 Festu mársteinshaldara með keðju við gaffalplötu
 Ekki sitja í múrsteinskörfu	 Lesið stjórnanda-handbókina	 Hætta á að kremjast	 Haldið ykkur fjarri hreyfanlegum hlutum

Almennt öryggi





Öryggi á vinnustað

Kynntu þér hlutann fyrir öryggi á vinnustað í notandahandbók fjarbúnaðarins.

Varúðarráðstafanir

⚠ Kröfur fyrir vélastjórnendur

Stjórnendur sem nota vélina reglulega eða öðru hverju (þ.e. til flutninga) skulu búa yfir eftirfarandi forsendum:
Heilsa:
Fyrir og á meðan notkun stendur ættu stjórnendur ekki að neyta áfengra drykkja, lyfja eða annarra efna sem kunna að hafa áhrif á sálfræðilegt og líkamlegt ástand þeirra og þar með vinnufærni þeirra.
Líkamlegar:
Góð sjón, góð heyrn, góð samhæfing og færni til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir á öruggan hátt, í samræmi við leiðbeiningarnar í þessari handbók.
Andlegar:
Færni til að skilja og beita framfylgdum reglum, reglugerðum og varúðarráðstöfunum. Þeir skulu sína gætni og varúð fyrir sínu eigin öryggi, sem og annarra, og skulu framkvæma vinnu sína á réttan og ábyrgan máta.
Tilfinningalegar:
Þeir skulu vera rólegir og geta ávallt metið sitt eigið sálfræðileg og andlegt ástand.
Þjálfun:
Þeir skulu lesa og þekkja þessa handbók, myndritin og skýringarmyndirnar sem þar er að finna. auðkennis- og viðvörunarplötur. Þeir skulu hafa færni og þjálfun varðandi notkun vélarinnar.

Stjórnandinn skal hafa réttindi (eða ökuskírteini) þegar slíkt er nauðsynlegt lögum samkvæmt í því landi sem vélin er notuð í. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá lögbærum aðilum. Á Ítalíu þarf stjórnandinn að hafa náð 18 ára aldri.

⚠ Kröfur fyrir viðhaldsstarfsmenn

Starfsmenn sem bera ábyrgð á viðhaldi vélarinnar skulu vera fagaðilar, sérhæfðir í viðhaldi fjarbúnaðar, og búa yfir eftirfarandi forsendum:
Líkamlegar:
Góð sjón, góð heyrn, góð samhæfing og færni til að framkvæma allar nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir á öruggan hátt, í samræmi við þessa handbók.
Andlegar:
Færni til að skilja og beita framfylgdum reglum, reglugerðum og varúðarráðstöfunum. Þeir skulu sína gætni og varúð fyrir sínu eigin öryggi, sem og annarra, og skulu framkvæma vinnu sína á réttan og ábyrgan máta.
Þjálfun:
Þeir skulu lesa og þekkja þessa handbók, myndritin og skýringarmyndirnar sem þar er að finna. auðkennis- og viðvörunarplötur. Þeir skulu hafa færni og þjálfun varðandi virkni vélarinnar.


Frá tæknilegu sjónarhorni er reglubundið viðhald á vélinni ekki flókið og getur stjórnandi hennar framkvæmt það, með því skilyrði að viðkomandi búi yfir grunnþekkingu í vélum.

Varúðarráðstafanir

⚠ Vinnufatnaður

Við vinnu, og einkum við viðhald og viðgerð á vélinni, verða stjórnendur að vera í viðeigandi hlífðarfatnaði:

- Vinnugalla eða öðrum þægilegum fatnaði. Stjórnendur ættu ekki að vera í fötum með löngum ermum eða hlutum sem geta fest í hreyfanlegum hlutum vélarinnar.
- Öryggishjálmur.
- Hlífðarhanskar.
- Vinnuskór.



Aðeins skal nota viðurkenndan öryggisfatnað sem er í góðu ástandi.

⚠ Persónuhlífar


Undir sérstökum vinnuaðstæðum ætti að notast við eftirfarandi persónuhlífar:

- Öndunarbúnað (eða rykgrímu).
- Heyrnarhlífar eða álíka búnaður.
- Öryggisgleraugu eða andlitsgrímur.

Myndskýring

Helstu hlutar skóflu, fötu, múrsteinskörfu

A. Gaffalraufar
B. Tengigrind
C. Flýtitengi (ef til staðar er)




Lýsing á aukabúnaði

Skófla


Skóflan samanstendur af logsoðinni íhvolfri stálsmíði sem ætlað er að flytja að hlaða laust efni á borð við jarðveg, sand, hreyfingarlaust efni.
Helstu hlutar þessarar smíði eru framblaðið, sem virkar sem brún skóflunnar sem „sker“ efnismagnið og aðskilur þann hluta sem fer í sjálfa skófluna, miðlæg íhvolfd skel, sem veitir rými fyrir það magn sem á að safna saman og hliðarveggi, sem lokast utan um magn skóflunnar.
Á aftari hluta skóflunnar eru tvær mótaðar plötur sem logsoðnar eru við aðalsmíðina og ætlað er að tengjast GTH fjarbúnaðinum. Ef litið er til hefðbundinnar takmörkunar á hámarkssnúningi aukabúnaðarins er hönnun skóflunnar og vélrænt tengi hennar við aukabúnaðinn hámörkuð þannig að besta málamiðlun náist fram hvað varðar hleðslu efnis og afhleðslu.

Múrsteinskarfa

Þessum aukabúnaði er ætlað að meðhöndla múrsteinsbretti og annað efni og koma því fyrir þar sem þarf á byggingasvæðum.
Hún samanstendur af aðalkörfum sem gerð er úr logsoðnum stálrörum og stálristum sem hindra það að efni að ákveðinni stærð komist fyrir slysni úr körfunni þegar hún er notuð í hæð.
Hurð er á hægri hlið körfunnar sem auðveldar hleðslu og afhleðslu bretta/efnis í/úr körfunni.
Hægt er að setja hurðina í lokaða stöðu með þar til gerðri læsingu. Sjálf karfan er uppsett á botnhluta sem er með tvö hol og rétthyrnd stálrör sem virka sem raufar fyrir gaffla fjarbúnaðarins.
Lengdarfærslu körfunnar, þegar notuð er með göfflunum, er stjórnað með keðju og hengslum sem tryggja þarf áður en karfan er notuð til að meðhöndla efni.



Þessi búnaður tengist fjarbúnaðinum í gegnum tengigrind B




Þessi búnaður tengist fjarbúnaðinum í gegnum gaffalraufar A

Lýsing á aukabúnaði

Blöndunarfata

Þessari fötu er ætlað að búa til takmarkað magn af steypu með því að blanda saman helstu hluta hennar (sement, fylliefni, sand og vatn) og að losa slíkt magn (þegar steypan er tilbúin). Hún samanstendur helst af logsoðinni íhvolfri stálsmíði sem ætlað er að safna saman af jörðunni fylliefnum, sementi og sandi, áður en blöndunarstig steypu hefst, og síðan að blanda þessum íhlutum saman með vatni til að búa til steypuna. Helstu hlutar þessarar logsuðusmíði eru framblaðið, sem virkar sem brún fötunnar sem „sker“ efnismagnið og aðskilur þann hluta sem fer í sjálfa fötuna, miðlæg íhvolfd skel, sem veitir rými fyrir það magn sem á að safna saman og blanda og hliðarveggi, sem lokast utan um magn fötunnar. Blöndunarblað sem er soðið og mótaðar plötur fylgja, til að blanda steypuíhlutum saman, og er það uppsett á lengd aðaláss fötunnar. Þetta blað snýst á legum sem eru á hliðarveggjum fötunnar og er það knúið áfram af vökvaknúinni vél og gírkassa sem staðsettir eru utan á hægri vegg fötunnar.

Steypuna, eftir blöndunarstig, má losa í gegnum þar til gerða hurð sem staðsett er neðst á fötunni og virkjuð er með búnaði og vökvaknúnum hólk. Blöndunarblaðið og losunarhurð steypu eru vökvaknúnar með vökvaknúinni aukalínu sem kemur efst frá bómunni. Þessum tveim aðgerðum er stjórnað með fjarstýribúnaði sem stjórendur geta notað fyrir utan stýrishús vélarinnar. Áður en blöndunarstig steypu hefst þarf að loka efst hluta fötunnar með þar til gerðri hurð, gerð úr stálrist og á hjörum efst á aftari vegg fötunnar, en markmiðið er að veita vernd gegn hreyfiíhlutum. Stálristin gerir stjórnandanum kleift að athuga hvenær steypan er tilbúin til losunar. Á aftari hluta fötunnar eru tvær mótaðar plötur sem logsoðnar eru við aðalsmíðina og ætlað er að tengjast GTH fjarbúnaðinum.




Þessi búnaður tengist fjarbúnaðinum í gegnum tengigrind *B*

Lýsing á aukabúnaði

Steypufata

Fatan samanstendur helst af logsoðinni, pýramídalaga stálsmíði sem ætlað er að meðhöndla takmarkað magn af steypu frá einum stað til annars á hefðbundnum byggingasvæðum og til að losa slíkt magn af steypu.
Þessi píramídasmíði er opin efst sem auðveldar losun steypunnar og hún er með hluta sem minnkar þegar neðar dregur og auðveldar það einnig losun steypunnar.
Þessi losunaraðgerð fer fram í gegnum þar til gerða stálhurð sem staðsett er undir fötunni og virkja má með vélrænni stöng handvirkt af stjórnandanum eða, í samræmi við þá gerð sem valin er, með vélrænu liðtengi sem er vökvaknúið í gegnum vökvaknúnu aukalínuna sem kemur efst frá bómunni.
Sjálf fatan og hurðarbúnaður er uppsett á botnhluta sem er með fjögur hol og rétthyrnd stálrör sem virka sem raufar fyrir gaffla fjarbúnaðarins.
Lengdarfærslu fötunnar, þegar notuð er með göfflunum, er stjórnað með keðju og hengslum sem tryggja þarf áður en fatan er notuð til að meðhöndla efni.



Þessi búnaður tengist fjarbúnaðinum í gegnum gaffalraufar A

Notkunarsvið aukabúnaðar

Eftirfarandi tafla lýsir notkunarsviði aukabúnaðar sem uppsettur er á Genie fjarbúnaði

	GTH-2506	GTH-4014	GTH-4018	GTH-4016R	GTH-4018R	GTH-5021R
500 L hleðsluskófla	✖					
800 L hleðsluskófla	✖	✖	✖	✖	✖	✖
Múrsteinskarfa	✖	✖	✖	✖	✖	✖
250 L Blöndunarfata	✖					
500 L Blöndunarfata		✖	✖	✖	✖	✖
500 L handvirk Steypufata	✖	✖	✖	✖	✖	✖
500 L vökvaknúin Steypufata	✖	✖	✖	✖	✖	✖
800 L handvirk Steypufata		✖	✖	✖	✖	✖
800 L vökvaknúin Steypufata		✖	✖	✖	✖	✖

Skoðun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók og í handbók fjarbúnaðar.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.

2. **Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.**

   Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að fjarbúnaðinum og/eða búnaðinum áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja fjarbúnaðinn og/eða búnaðinn og fjarlægja hann úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við fjarbúnaðinn og/eða búnaðinn, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Skoðun

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Gakktu úr skugga um að stjórnandahandbókin sé í heilu lagi, læsileg og inni í fjarbúnaðinum.
- ❑ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.
- ❑ Athugaðu með leka á vökvakerfisolíu.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Vökvaslöngum og -útbúnaði
- ❑ Róm, boltum og öðrum festingum

Leitaðu á allri samsetningunni að:

- ❑ Sprungum í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Beyglum eða skemmdu á samsetningunni
- ❑ Óhóflegt ryð, tæring eða oxun

Skoðun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók og í handbók fjarbúnaðar.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. **Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.**

   Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.
4. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði virkniprófana

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófaftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðun

Virknipróf

Þú skalt kynna þér stjórnandahandbók fjarbúnaðar áður en hafist er handa.

Prófa stjórnstöngina

(við hverja notkun)

- Notaðu stjórnstöngina, læstu og aflæstu aukabúnaðinn fyrir þann fjarbúnað í stutta stund með vökvahólk.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.

Prófa rétt opnunar- og lokunarfærslu á losunarhurð steypu (handvirkt eða vökvaknúið).

(við hverja notkun)

- Notaðu aðgerðastýripinna með virkjunarrofa A til að færa hann til hægri eða vinstri til að opna eða loka hurð steypufötunnar.
- Opnaðu og lokaðu hurð steypufötunna í stutta stund með vélrænu stönginni.


⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.

Prófa vökvaknúnar færslur blöndunarfötu

(við hverja notkun)

- Notaðu viðeigandi rofa á stjórnborðinu, athugaðu með færslu blöndunarblaða og færslu hurðarinnar.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.




Prófa læsikerfi hliðs múrsteinskörfu.

(við hverja notkun)

- Færðu pinna A upp og opnaðu körfuhliðið. Lokaðu körfuhliðinu og færðu pinna A niður í gegnum gatið.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.



Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók og í handbók fjarbúnaðar.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
4. **Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.**

Undirstöðuatriði

Hlutinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkunar vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- ogábyrgðarhandbókunum.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Allir sem vinna á eða nálægt vörunni þurfa einnig að þekkja viðeigandi varúðarráðstafanir.

Notkunarleiðbeiningar


Leiðbeiningar fyrir hraðtengi


Útgáfa með vélrænum læsibúnaði

1 Aktu á þann stað þar sem þú mun losa uppsetta aukabúnaðinn (ef hægt er á traustan, yfirbyggðan stað).
2 Losaðu hraðtengi aukabúnaðarins (ef til staðar eru).
3 Togaðu út vélræna pinnann sem læsir aukabúnaðinn eftir að öryggispinninn er fjarlægður af enda hans.
4 Láttu aukabúnaðinn liggja flatann á jörðunni.
5 Hallaðu festigrind aukabúnaðarins áfram og lækkaðu bómuna til að losa efri lás aukabúnaðarins.
6 Færðu þig til baka með vélinni og aktu að nýja aukabúnaðinum sem á að tengja.
7 Haltu grindinni þannig að hún halli áfram og festu efri lásinn við nýja aukabúnaðinn.
8 Dragðu til baka og lyftu aukabúnaðinum örlítið. Hann mun sjálfkrafa fara fyrir miðju á grind hraðtengisins.
9 Komdu aftur vélræna læsipinnanum fyrir og festu hann við öryggispinnann.
10 Festu aftur tengin við aukabúnaðinn (ef til staðar eru).

Útgáfa með vökvalæsibúnaði *(valfrjálst)*

1. Aktu á þann stað þar sem þú mun losa uppsetta aukabúnaðinn (ef hægt er á traustan, yfirbyggðan stað).
2. Losaðu hraðtengi aukabúnaðarins (ef til staðar eru).
3. Láttu aukabúnaðinn liggja flatann á jörðunni.
4. Þrýstu á Læsa/Aflæsa aðgerðarofann og haltu því áfram til loka skrefs 5.
5. Losaðu aukabúnaðinn með því að hreyfa aðgerðastýripinnann.
6. Hallaðu festigrind aukabúnaðarins áfram og lækkaðu bómuna til að losa efri lás aukabúnaðarins.
7. Færðu þig til baka með vélinni og aktu að nýja aukabúnaðinum sem á að tengja.
8. Haltu grindinni þannig að hún halli áfram og festu efri lásinn við nýja aukabúnaðinn.
9. Dragðu til baka og lyftu aukabúnaðinum örlítið. Hann mun sjálfkrafa fara fyrir miðju á grind hraðtengisins.
10. Tengdu aukabúnaðinn með því að hreyfa aðgerðastýripinnann með Læsa/Aflæsa aðgerðarofanum.
11. Festu aftur tengin við aukabúnaðinn (ef til staðar eru).





Notkunarleiðbeiningar

Notkun

Hleðsluskófla

500L hleðsluskófla 59.0201.9019 GT

800L hleðsluskófla 59.0201.9020 GT

800L hleðsluskófla 59.0201.9021 GT

800L hleðsluskófla 59.0201.9022 GT

- Tengdu skófluna og haltu henni á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið).
- Færðu efni hægt til
- Til að fjarlægja aukabúnað fjarlægir þú læsikerfi aukabúnaðar (vélrænt eða vökvaknúið) og hallar síðan aukabúnaðinum varlega áfram, lækkar bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á jörðunni og dregur bómuna síðan inn.

Blöndunarfata

250L Blöndunarfata 59.0401.2018 GT

500L Blöndunarfata 59.0401.2016 GT

- Tengdu blöndunarfötuna og haltu henni á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið)
- Tengdu vökvaslöngurnar
- Til að fjarlægja aukabúnað fjarlægir þú læsikerfi aukabúnaðar (vélrænt eða vökvaknúið) og hallar síðan aukabúnaðinum varlega áfram, lækkar bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á jörðunni, aftengir vökvaslöngurnar og dregur bómuna síðan inn.

⚠ Þegar búið hefur verið að aftengja flýtitengi aukabúnaðarins frá bómutengjum skal endurtengja þau við viðeigandi stoðtengi sem til staða eru á blöndunarfötunni, til að hindra það að óhreinindi fari inn í rásina. Verndaðu stoðtengin vandlega með töppum sem fylgja þegar þau eru ekki í notkun.

Múrsteinskarfa

Múrsteinskarfa 59.0401.2032 GT

- Tengdu múrsteinskörfuna við gaffalraufarnar.
- Notaðu keðju og hengsli, festu aukabúnaðinn við gaffalvagninn.
- Fjarlægðu keðju og hengsli og dragðu bómuna aftur inn til að fjarlægja aukabúnaðinn af jörðunni.

Steypufata

500L handv. Steypufata 59.0401.2028 GT

500L vökvakn. Steypufata 59.0401.2029 GT

800L handv. Steypufata 59.0401.2030 GT

800L vökvakn. Steypufata 59.0401.2031 GT

- Tengdu steypufötuna við gaffalraufarnar.
- Notaðu keðju og hengsli, festu aukabúnaðinn við gaffalvagninn.
- Tengdu vökvaslöngurnar
- Aftengdu vökvaslöngurnar, fjarlægðu keðju og hengsli og dragðu bómuna aftur inn til að fjarlægja aukabúnaðinn af jörðunni.

Stjórnborð fyrir burðarvarkerfi

Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins.

Burðartaflan notuð

Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins

Notkunarleiðbeiningar


Tilfærsla stýribúnaðar - Aðgerðastýripinni - Skófla
GTH-2506, GTH-4014 og GTH-4018

Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins

⚠ Áður en efnið er losað skaltu tryggja að enginn sé innan vinnusvæðis hans.

Þrýstu og haltu inni virkjunarrofa B á aðgerðastýripinna og færðu stýripinnann til vinstri til að halla skóflunni upp.

Þrýstu og haltu inni virkjunarrofa B á aðgerðastýripinna og færðu stýripinnann til hægri til að halla skóflunni niður.




Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B)

Tilfærsla stýribúnaðar - Aðgerðastýripinni - Skófla
GTH-4016R, GTH-4018R og GTH-5021R

Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins

⚠ Áður en efnið er losað skaltu tryggja að enginn sé innan vinnusvæðis hans.

MEÐ HÆGRI STÝRIPINNA (***Hefðbundin uppsetning) og með*** **VINSTRI STÝRIPINNA** (***Valfrjáls uppsetning)***




Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B)

Notkunarleiðbeiningar

Tilfærsla stýribúnaðar - Blöndunarfata
Fyrir allar gerðir fjarbúnaðar

Framkvæmdu eftirfarandi:
Stilltu stefnurofa A í stöðu 0 fyrir vökvaknúna blöndunarfötuolíu og þrýstu á rofa B fyrir blöndunarfötu til að virkja tilfærslu á innri blandara fötunnar. Rofi B er með blokk sem læsa má fyrir samfellda notkun. Áður en skipt er í aðra stöðu skal tryggja að blokkin sé ólæst efst á rofa B.
Ef rofi A er stilltur á 2 eða 1 er stefna olíuflæðis stillt þannig að blöndunarblöð snúast annað hvort réttsælis eða rangsælis.
Til að opna fötuhurðina stillirðu rofa A í stöðu 0 og þrýstir síðan á rofa V fyrir aukavökvarás. Síðan stillirðu rofa A í stöðu 1 eða 2 til að opna eða loka fötuhurðinni.
Til að losa steypuna stillirðu rofa A í stöðu 0, stilltu rofa C í stöðu 0, stilltu rofa A í stöðu 1 eða 2, blandarinn fer að snúast réttsælis eða rangsælis og þrýstir steypunni út.

Stig	Rofi	Staða	
BLÖNDUN	A	0	Stöðva olíuflæði
	B	1	Virkja blöndun Föturás
	A	1 eða 2	Snúa blöndunni
OPNA HURÐ	A	0	Stöðva olíuflæði
	C	1	Virkja blöndun Fötuhurð
	A	1 eða 2	Opna/loka fötuhurð
LOSA	A	0	Stöðva olíuflæði
	C	0	Virkja blöndun Hreyfingar blaðs
	A	1 eða 2	Snúa blöndu-narblaði



⚠ Lestu viðkomandi handbók fyrir notkun á þessum búnaði og fjarstýringu hans


Notkunarleiðbeiningar

Tilfærsla stýribúnaðar - Aðgerðastýripinni - Vökvaknúin steypufata

GTH-2506, GTH-4014 og GTH-4018

⚠ Áður en steypan er losuð skaltu tryggja að enginn sé innan vinnusvæðis hennar.

Þrýstu á rofa A og B og færðu aðgerðastýripinna til vinstri til að loka fötuhurðinni eða til hægri til að opna fötuhurðina.




Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B) og hvítum þumalrofa (A)

Tilfærsla stýribúnaðar - Einfaldur aðgerðastýripinni - Vökvaknúin steypufata

GTH-4016R, GTH-4018R, GTH-5021R

⚠ Áður en steypan er losuð skaltu tryggja að enginn sé innan vinnusvæðis hennar.


Þrýstu á rofa A og B og færðu aðgerðastýripinna til vinstri til að loka fötuhurðinni eða til hægri til að opna fötuhurðina.



Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B) og hvítum þumalrofa (A)

Tilfærsla stýribúnaðar - Tvískiptur aðgerðastýripinni - Vökvaknúin steypufata

GTH-4016R, GTH-4018R, GTH-5021R



Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B) og hvítum þumalrofa (A)


Þrýstu og haltu inni rofa A og B á vinstri stýripinna og færðu það áfram til að opna fötuhurðina eða til baka til að loka fötuhurðinni.

Notkunarleiðbeiningar


Hleðslubúnaður

Skóflan hlaðin

- Þegar skóflan er notuð skal aðeins hlaða efni í hana þegar bóman er að fullu inndregin og þrýsta að hrúgunni með beinum hjólum.



- Nálgastu hleðsluna lóðrétt og gakktu úr skugga um að vélin sé lárétt á hallamælinum.



- Settu skófluna undir hleðsluna og lyftu henni nokkra sentimetra upp.
- Hallaðu hleðslunni aftur til að hafa hana í vöggu.
- Færðu efni hægt til.

⚠ Þegar kringlóttum hlutum er komið fyrir (bensíntunnur, o.s.frv.) skal binda þá með ólum og reiðum og aka á minni hraða.

⚠ Ekki nota til að grafa.

⚠ Ekki nota skófluna til að lyfta upp eða flytja fólk


Múrsteinskarfan hlaðin.

- Nálgastu staðinn þar sem raða á efninu;
- lækkaðu múrsteinskörfuna niður á jörðina;
- opnaðu hliðið;
- komdu efninu fyrir;
- lokaðu hliðinu og læstu því með viðeigandi pinna **1**.



⚠ Ótryggilegir hlutir geta dottið úr. Tryggðu ávallt að efni sé að fullu í körfunni og að hliðið sé lokað fyrir lyftingu/lækkun.


⚠ Múrsteinskörfunni er ætlað að meðhöndla múrsteinsbretti og annað efni. ÞETTA ER EKKI PALLUR FYRIR MENN. Ekki nota til að lyfta upp eða flytja fólk!



Notkunarleiðbeiningar

Steypufata hlaðin

- Nálgastu staðinn þar sem raða á efninu;
- lækkaðu steypufötuna niður á jörðina;
- tryggðu að losunarhurðin sé lokuð; ef ekki skaltu færa stöng 2 réttsælis í handvirka útgáfu eða aðgerðastýripinna fyrir vökvaknúna útgáfu;



- settu steypu í gegnum enda efst.

Blöndunarfata hlaðin

⚠ Fyrir notkun á þessum búnaði skaltu kynna þér viðkomandi handbók.

Notkunarleiðbeiningar


Flutningur á hleðsluefni

Þegar efnið hefur verið hlaðið gerir þú eftirfarandi:


- berð kennsl á þær hættur sem til staðar eru á þeirri leið sem ekin er;
- lyftir búnaðinum í 300-500 mm flutningshæð frá jörðunni;
- tryggir að hleðslan/aukabúnaðurinn sé nógu hátt uppi til að losa allar hindranir áður en tilfærsla hefst;
- forðast erfitt undirlendi við tilfærslu;
- hefur í huga að heimilaður hleðsluhalli er 10% niður á móti, 15% upp í móti, 5% frá hlið;
- byrjar að færa hleðsluna til á minnsta mögulega hraða;
- leyfir ekki starfsmönnum/vegfarendum að ganga eða vinna undir hleðslunni;
- hefur ekki hleðsluna eftirlitslausa;
- tryggir að allir starfsmenn séu fyrir utan hættusvæði tilfærslu/lyftingu fyrir notkun;




- Þegar ekið er upp með byrði skal setja í gír áfram og aka með byrðina í lægstu mögulegu stöðu.




- Þegar ekið er niður með byrði skal fara í bakkgír.



- Þegar ekið er upp með tómri skóflu skal fara í bakkgír.



- Þegar farið er niður með tóma skóflu skal fara áfram.



Hleðsla sett niður

Áður en hleðsla er lyft skal undirbúa staðinn þar sem leggja á hana niður. Eðli hleðslunnar ákvarðar þann undirbúning sem nauðsynlegur er.

Geymslustaða og geymsla

Stutt óvirkni og geymsla á aukabúnaði

Aukabúnaðurinn losaður af fjarbúnaðinum:


- Nálgastu þann stað þar sem þú ætlar að losa búnaðinn
- Lækkaðu búnaðinn niður á jörðina.
- Stöðvaðu vél fjarbúnaðarins.
- Aftengdu vökvaslöngur búnaðarins frá bómuútbúnaðinum.
- Endurræstu vélina.
- Notaðu stýripinnann til að losa búnaðinn af flýtitengiplötunni.
- Hallaðu tengiplötunni áfram og lækkaðu bómuna til að losa efri krók búnaðarins.
- Færðu fjarbúnaðinn til baka.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


Tilfærsla á búnaði

Þegar færa á búnaðinn úr skal skal aðeins nota úrræði sem eru með viðeigandi burðargetu. Ítarlegar upplýsingar um slíkt má finna í viðeigandi kafla í þessari handbók og á auðkenniplötunni.


Skóflur og blöndunarfötur skal færa úr stað með göfflum.



- **Skófla 500L** 59.0201.9019GT




- **Skófla 800L** 59.0201.9020GT




Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

- **Skófla 800L** 59.0201.9021GT





- **Skófla 800L** 59.0201.9022GT





Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

- **Blöndunarfata 250L** 59.0401.2018GT










Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


- **Blöndunarfata 500L** 59.0401.2016GT



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


- **Múrsteinskarfa** 59.0401.2032GT

Settu gafflana í viðeigandi krafa 1.




- **Steypufata 500L**
  59.0401.2028GT
  59.0401.2029GT
- **Steypufata 800L**
  59.0401.2030GT
  59.0401.2031GT

Settu gafflana í viðeigandi krafa 1.




Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


- **Múrsteinskarfa**
  59.0401.2032GT




Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

- **Steypufata 500 Handvirk losun**
  59.0401.2028GT









Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


- **Steypufata 500 L Vökvalosun**
  59.0401.2029GT






Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


- **Steypufata 800L Handvirk losun**
  59.0401.2030G






Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

- **Steypufata 800L Vökvalosun**
  59.0401.2031GT





Viðhald



Virða og hlýða:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

Myndskýringar viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á kaldri vél til að framkvæma þetta verklag.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Gerð
Raðnúmer
Dagsetning
Klukkustundamælir
Eigandi vélar
Skoðað af (með prentstöfum)
Undirritun skoðunarmanns
Titill skoðunarmanns
Fyrirtæki skoðunarmanns
Leiðbeiningar

- Gerðu afrit af þessari skýrslu sem notuð er við hverja skoðun.
- Veldu viðeigandi gátlista fyrir þá tegund skoðunar sem framkvæma á.

☐ **Daglega eða átta klukkustundir**

Skoðun: A

- Hakaðu í viðeigandi reit eftir að skoðun er lokið.
- Notaðu nákvæmu leiðbeiningarnar í þessum hluta til að fá upplýsingar um hvernig skoðanir eru framkvæmdar.
- Ef að skoðun hlýtur merkið „N“ skal taka vélina úr notkun, gera við hana og skoða hana að nýju. Eftir viðgerð skal haka „R“ í reitinn.

Gátlisti A		Y	N	R
A-1	Handbækur og límmiðar			
A-2	Skoðun fyrir notkun			
A-3	Virknipróf			
A-4	Athugun á keðjunum			

Viðhald

A-1
Skoða handbækur og límmiða

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Mikilvægt er að halda stjórnanda- og öryggishandbókum í góðu ástandi til að tryggja örugga notkun vélarinnar. Handbækur fylgja með öllum vélum og ætti að geyma þær í ílátinu sem finna má í hólfi stjórnandans. Ólæsileg eða týnd handbók veitir ekki þær öryggis- og notkunarupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir örugga notkun.

Einnig er mikilvægt að halda öryggis- og leiðbeiningalímmiðum í góðu ástandi til að tryggja örugga notkun vélarinnar. Límmiðar láta stjórnendur og starfsmenn vita af mörgum hugsanlegum hættum sem tengjast notkun á þessari vél. Einnig veita þeir notendum notkunar- og viðhaldsupplýsingar. Ólæsilegur límmiði lætur ekki starfsmenn vita af notkun eða hættu sem getur leitt til ótryggra notkunaraðstæðna.

1 Vertu viss um að stjórnanda- og öryggishandbækur séu til staðar og heilar í geymsluílátinu sem staðsett er í stýrishúsinu.

2 Skoðaðu síðurnar á síðum hverrar handbækur til að tryggja að þær séu læsilegar og í góðu ástandi.

⊙ Niðurstaða: Stjórnandahandbókin er viðeigandi fyrir vélina og allar handbækur eru læsilegar og í góðu ástandi.

⊗ Niðurstaða: Stjórnandahandbókin er ekki viðeigandi fyrir vélina og allar handbækur eru ekki í góðu ástandi eða eru ólæsilegar. Fjarlægðu vélina úr þjónustu þar til búið er að skipta um handbókina.

3 Opnaðu hlutann límmiðaskoðun í stjórnandahandbókinni. Farðu vandlega yfir alla límmiða á vélina til að kanna hvort þeir séu læsilegir og lausir við skemmdir.

⊙ Niðurstaða: Vélin er búin öllum nauðsynlegum límmiðum og allir límmiðar eru læsilegir og í góðu ástandi.

⊗ Niðurstaða: Vélin er ekki búin öllum nauðsynlegum límmiðum og einn eða fleiri límmiðar eru ólæsilegir eða í slæmu ástandi. Fjarlægðu vélina úr þjónustu þar til búið er að skipta um límmiðana.

4 Settu ávallt handbækurnar í geymsluílátið eftir notkun.

Ath.: Hafðu samband við viðurkenndan Genie dreifingaraðila eða Genie Industries ef þörf er á nýjum handbókum eða límmiðum.

Viðhald

A-2
Framkvæma skoðun fyrir notkun

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Skoðun fyrir notkun er nauðsynleg til að tryggja örugga notkun á vélinni. Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin. Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli.

A-3
Framkvæma virknipróf

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.


Virknipróf eru nauðsynleg til að tryggja örugga notkun á vélinni. Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.


A-4
Athugun á keðjunum

Athugaðu keðjurnar og hengslin sem notuð eru til að festa steypufötur og múrsteinskörfu við gaffalvagn.

Tæknilýsing


Hleðsluskófla 500L
hlutanúmer 59.0201.9016GT
fyrir GTH-2506






TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	2024
B	Hæð	810 mm
C	Lengd	980 mm
	Þyngd	355 kg
	Farmþungi	500 L
	CoG breidd	1012 mm
	CoG hæð	268 mm
	CoG lengd	541 mm

Hleðsluskófla 800L
hlutanúmer 59.0201.9020GT
fyrir GTH-2506






TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	2024 mm
B	Hæð	940 mm
C	Lengd	1175 mm
	Þyngd	420 kg
	Farmþungi	800 L
	Cog breidd	1012 mm
	CoG hæð	303 mm
	CoG lengd	658 mm


Tæknilýsing

Hleðsluskófla 800L
hlutanúmer 59.0201.9021GT
fyrir GTH-4014,GTH-4018, GTH-5021R



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	2435
B	Hæð	940 mm
C	Lengd	1070 mm
	Þyngd	450 Kg
	Farmþungi	800 L
	CoG breidd	1217,5 mm
	CoG hæð	292 mm
	CoG lengd	607 mm


Hleðsluskófla 800L
hlutanúmer 59.0201.9022GT
fyrir GTH-4016R, GTH-4018R




TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	2435 mm
B	Hæð	1170 mm
C	Lengd	1140 mm
	Þyngd	510 Kg
	Farmþungi	800 L
	CoG breidd	1217,5 mm
	CoG hæð	327 mm
	CoG lengd	656 mm

Tæknilýsing


Blöndunarfata 250L
hlutanúmer 59.0401.2018GT
fyrir GTH-2506






TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1510 mm
B	Hæð	840 mm
C	Lengd	795 mm
	Þyngd	460 Kg
	Farmþungi	250 L
	CoG breidd	953 mm
	CoG hæð	344 mm
	CoG lengd	363 mm

Blöndunarfata 500L
hlutanúmer 59.0401.2016GT
fyrir GTH-4014, GTH-4018







TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1650 mm
B	Hæð	990 mm
C	Lengd	880 mm
	Þyngd	550 Kg
	Farmþungi	500 L
	CoG breidd	723 mm
	CoG hæð	456 mm
	CoG lengd	373 mm

Tæknilýsing

Múrsteinskarfa
hlutanúmer 59.0401.2032GT
fyrir allt vörusvið.







TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1210 mm
B	Hæð	1150 mm
C	Lengd	825 mm
	Þyngd	120 Kg
	Farmþungi	500 L
	CoG breidd	605 mm
	CoG hæð	590 mm
	CoG lengd	402 mm

Tæknilýsing

500L handvirk Steypufata
hlutanúmer 59.0401.2028GT
fyrir allt vörusvið



500L vökvaknúin Steypufata
hlutanúmer 59.0401.2029GT
fyrir allt vörusvið




TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1110 mm
B	Hæð	1320 mm
C	Lengd	1110 mm
	Þyngd	230 Kg
	Farmþungi	500 L
	CoG breidd	588 mm
	CoG hæð	673 mm
	CoG lengd	629 mm

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1110 mm
B	Hæð	1320 mm
C	Lengd	110 mm
	Þyngd	244 Kg
	Farmþungi	500 L
	CoG breidd	593 mm
	CoG hæð	673 mm
	CoG lengd	628 mm


Tæknilýsing

800L handvirk Steypufata
hlutanúmer 59.0401.2030GT
fyrir GTH-4014, GTH-4018, GTH-4016R, GTH-4018R



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1110 mm
B	Hæð	1520 mm
C	Lengd	1110 mm
	Þyngd	250 Kg
	Farmþungi	800 L
	CoG breidd	588 mm
	CoG hæð	873 mm
	CoG lengd	629 mm


800L vökvaknúin Steypufata
hlutanúmer 59.0401.2031GT
fyrir GTH-4014, GTH-4018, GTH-4016R, GTH-4018R



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1110 mm
B	Hæð	1520 mm
C	Lengd	1110 mm
	Þyngd	264 Kg
	Farmþungi	800 L
	CoG breidd	589 mm
	CoG hæð	873 mm
	CoG lengd	629 mm


Burðartöflur


GTH-2506, hleðsluskófla og blöndunarfata 250L



Burðartöflur


GTH-4014, Hleðsluskófla og blöndunarfata 500L






Burðartöflur


GTH-4018, Hleðsluskófla og blöndunarfata 500L






Burðartöflur


GTH-4016R, Hleðsluskófla og blöndunarfata






Burðartöflur


GTH-4016R, Hleðsluskófla og blöndunarfata







Burðartöflur

GTH-4018R, Hleðsluskófla og blöndunarfata










Burðartöflur

GTH-5021R, Hleðsluskófla og blöndunarfata









Burðartöflur


GTH-2506, Múrsteinskarfa og steypufata



Burðartöflur


GTH-4014, Múrsteinskarfa og steypufata






Burðartöflur


GTH-4018, Múrsteinskarfa og steypufata






Burðartöflur


GTH-4016R, Múrsteinskarfa og steypufata






Burðartöflur


GTH-4016R, Múrsteinskarfa og steypufata







Burðartöflur

GTH-4018R, Músteinskarfa og steypufata










Burðartöflur

GTH-5021R, Músteinskarfa og steypufata








Skýringarmyndir og lýsingar


Vökvaknúin skýringarmynd
aðeins fyrir vökvaknúna steypufötu



Skýringarmyndir og lýsingar

Vökvaknúin skýringarmynd

Aðeins fyrir blöndunarfötu



Efnisatriði EB-samræmisyfirlýsingar

TEREX Global GmbH lýsir því hér með yfir að vélabúnaðinum sem lýst er að neðan uppfyllir ákvæði eftirfarandi tilskipana:
1. EB tilskipun **2006/42/EB,** vélatilskipun.
Vélin sem lýst er að neðan hentar fyrir Genie fjarbúnað, gerðum sem tilgreindar eru í notandahandbókinni.
Gerð/tegund:
Lýsing:
Raðnúmer:
Framleiðsludagur:
Framleiðsluland:
Framleiðandi:
TEREX Global GmbH
Bleicheplatz 2
8200 Schaffhausen
Sviss
Fulltrúi í Evrópu:
Genie UK LTD
Maltings
Wharf Road, Grantham, Lincolnshire
NG31 6BH Bretland
Umboðsundirritandi:
Útgáfustaður:
Útgáfudagur:

www.genielift.com

Dreifingaraðili: